



FJÁRMÁLAEFTIRLITID
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Rekstraráætlun 2018

Skýrsla til fjármála- og efnahagsráðherra
um áætlaðan rekstrarkostnað
Fjármálaeftirlitsins árið 2018

30. júní 2017

Efnisyfirlit

1 Inngangur	2
2 Álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila	2
3 Rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2016	3
4 Meginþættir í starfsemi Fjármálaeftirlitsins og áherslur	6
5 Rekstraráætlun fyrir árið 2018.....	8
6 Áætlað eftirlitsgjald á árinu 2018.....	11
7 Langtímaáætlun 2018 – 2022	13

Töfluskra

Tafla 1. Rekstur Fjármálaeftirlitsins	3
Tafla 2. Rekstraráætlun fyrir árið 2018 og samanburður við fyrri ár	8
Tafla 3. Tekjuáætlun 2018 og áætluð álagning eftirlitsgjalds	12
Tafla 4. Rekstrarafkoma 2016, áætluð afkoma 2017 og langtímaáætlun 2018 - 2022	13

1 Inngangur

Í samræmi við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með áorðnum breytingum, er fjármála- og efnahagsráðherra hér með send rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins vegna ársins 2018 auk ársreiknings fyrir árið 2016. Ársreikningurinn er unninn af Fjársýslu ríkisins og í samræmi við framsetningu ríkisreiknings. Framsetning talna í rekstraráætlun er í samræmi við tegundaröðun Ríkisendurskoðunar líkt og undanfarin ár. Samkvæmt ofangreindum lögum skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 1. júlí ár hvert gefa ráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Í skýrslu þessari er að finna rekstraráætlun ársins 2018 og tillögu um álagningu eftirlitsgjalds árið 2018, í samræmi við lög nr. 99/1999. Auk þess er gerð grein fyrir rekstrarafkomu undangenginna þriggja ára. Þá er að auki lögð fram langtímaáætlun til ársins 2022 sem unnin var í ársbyrjun 2017 með vísan til nýrra laga nr. 123/2015 um opinber fjármál. Fyrstu drög áætlunarinnar var kynnt stjórn Fjármálaeftirlitsins á fundi hennar 8. febrúar 2017 og samþykkt. Við gerð rekstraráætlunarinnar var horft til áætlaðrar mannaflaparfar stofnunarinnar og samræmdrar verkáætlunar.

2 Álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila

Fjármálaeftirlitið hefur í samræmi við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, leitað álits samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi stofnunarinnar á árinu 2018. Samráðsnefndin skilaði áliti sínu með bréfi dagsettu 23. maí 2017 og er það hjálagt. Fjármálaeftirlitið hefur lagt mat á álitið og telur það ekki gefa tilefni til breytinga á rekstraráætlun fyrir árið 2018 og framtíðarsýn stofnunarinnar.

Fjármálaeftirlitið tekur engu að síður undir þau sjónarmið samráðsnefndar að mikilvægt sé að leita allra leiða til hagræðingar í rekstri. Þannig hefur starfsemi Fjármálaeftirlitsins síðustu ár einkennst af stöðugum umbótum og þróun í samræmi við auknar kröfur um viðmið um bestu framkvæmd við eftirlit. Hagræðingin hefur leitt til þess að Fjármálaeftirlitið hefur ekki vaxið að umfangi þegar horft er til fjölda ársverka þrátt fyrir stóraukin verkefni. Auknum kröfum hefur verið mætt með hagræðingu og tilfærslu verkefna.

Í áliti samráðsnefndar er að nýju viðrað hvort það kynni að vera gagnlegt fyrir hlutaðeigandi að fram fari úttekt á stærð og umfangi Fjármálaeftirlitsins, líkt og lagt var til í áliti nefndarinnar vorið 2014 vegna rekstraráætlunar ársins 2015. Fjármálaeftirlitið tók undir þessi sjónarmið á sínum tíma en lagði áherslu á að fenginn yrði óháður aðili með viðeigandi þekkingu og reynslu, s.s. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS). AGS vann á árunum 2013 - 2014 mjög ítarlega úttekt á starfsemi Fjármálaeftirlitsins á grundvelli kjarnaviðmiða um árangursríkt bankaeftirlit (Basel Core Principles for Effective Banking Supervision). Fyrir liggur að AGS mun á komandi árum framkvæma úttekt að nýju á Fjármálaeftirlitinu, að þessu sinni svokallaða FSAP úttekt (Financial Sector Assessment Program). Hún er mun víðtækari en Basel Core úttektin og mun ekki eingöngu miðast við bankamarkað, heldur einnig váttrygginga-, lífeyrissjóða- og verðbréfamarkað.

3 Rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2016

Í desember 2015 samþykkti Alþingi fjárlög fyrir árið 2016 þar sem fjárheimild stofnunarinnar var lögfest. Á sama tíma ákvað Alþingi með breytingum á lögum nr. 99/1999, samkvæmt ákvæðum 46. gr. laga nr. 125/2015 um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2016, hlutföll álagningar og skiptingu eftirlitsgjalds milli eftirlitsskyldra aðila.

Ársreikningur Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2016 sýnir að rekstrartekjur námu 1.750,6 m.kr. sem er 2,5% hækkun frá fyrra ári. Rekstrargjöld námu 2.035,1 m.kr. sem er 6,6% aukning frá samtals 1.908,3 m.kr. rekstrargjöldum fyrra árs. Þegar tekið hefur verið tillit til 15,6 m.kr. fjármunatekna nam rekstrarhalli því 268,9 m.kr. Í rekstraráætlun fyrir árið 2016 var hins vegar gert ráð fyrir 334,9 m.kr. rekstrarhalla þannig að rekstrarniðurstaðan var 66 m.kr. jákvæðari en áætlað var. Gert var ráð fyrir framangreindum rekstrarhalla í áætlunum til að lækka eigið fé stofnunarinnar og færa það sem næst fjárhæð þess varasjóðs sem stofnuninni er heimilt að mynda lögum samkvæmt. Sjá nánar í töflu 1.

Útgjöld vegna tveggja úrskurðarnefnda sem vistaðar eru hjá stofnuninni eru meðtalin í rekstrargjöldum, en sá kostnaður er endurkrafinn af málsaðilum og færður með öðrum tekjum. Útgjöldin námu um 13,7 m.kr. (launakostnaður nefndarmanna) en að auki leggur stofnunin til eitt og hálf stöðugildi í tengslum við rekstur nefndanna. Sá kostnaður er ekki endurkrafinn af málsaðilum.

Tafla 1. Rekstur Fjármálaeftirlitsins

Rekstrarreikningur	2016 þ.kr.	2015 þ.kr.	2014 þ.kr.
Rekstrartekjur			
Eftirlitsgjald	1.710.019	1.641.472	1.589.938
Aðrar tekjur	40.607	67.285	70.338
Rekstrartekjur samtals	1.750.626	1.708.757	1.660.276
Rekstrargjöld			
Launakostnaður	1.643.374	1.547.579	1.414.027
Félagsgjöld, ferðir og fundir	88.985	103.552	93.845
Rekstrarvörur	26.137	23.353	25.016
Aðkeypt þjónusta	155.269	128.210	162.430
Húsnæðiskostnaður	113.741	95.490	91.421
Rekstrarkostnaður	7.595	10.169	26.105
Rekstrargjöld samtals	2.035.102	1.908.352	1.812.844
Bakfærð afskrift fjármálaft. í slitameðferð	0	0	135.249
Fjármunatekjur og -gjöld	15.567	29.859	33.112
Tekjur/gjöld	-268.908	-169.736	15.793
Eigið fé 31. desember	136.632	405.540	575.275
þar af varasjóður, að hámm. 5% af eftirlitsgj. næsta árs	108.090	85.501	82.074

Sem fyrr segir námu tekjur á árinu 2016 samtals 1.750,3 m.kr. Þær skiptast í eftirlitsgjald 1.710 m.kr. sem innheimt er hjá eftirlitsskyldum aðilum í samræmi við lög og hins vegar aðrar tekjur sem námu 40,6 m.kr. Eftirlitsgjaldið hækkaði um 4,2% milli árána 2015 og 2016, samanborið

við 3,2% hækkun árið á undan. Aðrar tekjur samanstanda af endurkröfðum kostnaði samkvæmt gjaldskrá Fjármálaeftirlitsins vegna veittrar þjónustu að fjárhæð 19,4 m.kr., innheimtu fæðispeninga vegna reksturs mótuneytis sem nam 8,5 m.kr. og innheimtu vegna úrskurðarnefnda sem var 12,7 m.kr. Skýringar lægri tekna af gjaldskrárskyldri starfsemi á árinu 2016 samanborið við árin 2014 - 2015 er meðal annars sú að lokið var við nokkur sérverkefni sem unnið hafði verið að í árslok 2015. Eigið fé í árslok 2016 nam 136,6 m.kr. en þar af er stofnuninni heimilt að halda eftir 108,1 m.kr. í sérstökum varasjóði, eða sem nemur að hámarki 5% af eftirlitsgjaldi næsta árs.

Rekstrargjöld á árinu 2016 námu samtals 2.035,1 m.kr. sem er 6,6% hækkun frá árinu 2015. Sambærileg hækkun rekstrargjalda milli áráanna 2014 - 2015 var 5,2% og 4,4% milli áráanna 2013 - 2014 en gjöldin lækkuðu um 0,5% milli áráanna 2012 og 2013. Í þessum samanburði er hvorki tekið tillit til afskrifta eftirlitsgjalds fjármálafyrirtækja í slitameðferð árið 2013 né bakfærslu þeirra árið 2014¹.

Launakostnaður er stærsti einstaki kostnaðarliður í rekstri Fjármálaeftirlitsins og nam hann 1.643,3 m.kr. á árinu 2016 samanborið við 1.547,6 m.kr. árið á undan og hækkaði um 6,2% milli ára. Hækkun launa á árinu er nokkuð undir almennum launahækkunum á markaði og endurspeglar hagræðingu sem náðist í mannahaldi á árinu. Aðhald var í starfsmannahaldi og var fjöldi reiknaðra stöðugilda alls 117,5 á árinu 2016, samanborið við 117,3 árið 2015, 117,5 árið 2014, 118 árið 2013 og 119 árið 2012. Áætluð ráðning tveggja nýrra starfsmanna á árinu 2016 til að sinna verkefnum tengdum eftirliti með eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum og þjóðhagsvarúð kom ekki til framkvæmda fyrr en í lok árs 2016.

Kostnaður vegna ferða og dvalarkostnaðar erlendis lækkaði um 8,6 m.kr. milli ára og nam 28,1 m.kr. Skýringin er að hluta styrking íslensku krónunnar en ferðum fækkaði einnig milli ára. Þá lækkaði kostnaður vegna aðildargjalda að evrópskum eftirlitsstofnum milli ára og nam 38,2 m.kr. á árinu 2016 samanborið við 43,1 m.kr. árið á undan þrátt fyrir að gjöldin væru því sem næst óbreytt í EUR og CHF eða lítilega hærri.

Aðkeypt þjónusta nam samtals 155,3 m.kr. á árinu 2016 og hækkaði um 27 m.kr. milli ára. Stærsti einstaki kostnaðarliðurinn þar er aðkeypt þjónusta vegna hugbúnaðargerðar sem hækkaði um 13,2 m.kr. milli ára og nam 68 m.kr. á árinu 2016. Þessi kostnaðarliður er einkum vegna vinnu við þróun hugbúnaðar í tengslum við „áhættumiðað eftirlit“ samanber fyrri kynningar, en Fjármálaeftirlitið vann að útboði á þeirri vinnu í samstarfi við Ríkiskaup og hefur framkvæmdin þótt takast afar vel. Önnur aðkeypt sérfræðiþjónusta nam á árinu 26,9 m.kr. og hækkaði um 12,3 m.kr. milli ára. Þarna er aðallega um að ræða sérfræðiþjónustu endurskoðenda, viðskipta- og lögræðinga og annarra sérfræðinga. Hækkunin skýrist að mesta

¹ Ítarlega hefur verið greint frá þeim færslum í fyrri skýrslum. Árið 2013 var gjaldfærð varúðarfærsla að fjárhæð 151,9 m.kr. vegna hættu á að eftirlitsgjöld fyrri ára á fjármálafyrirtæki í slitameðferð töpuðust. Um mitt ár 2014 náðust samningar um greiðslu meginþorra þessara krafna að undangengnum dómum og voru 135,2 m.kr. bakfærðar af framangreindri varúðarfærslu það sama ár. Þegar horft er til samanburðar hefðbundins rekstrarkostnaðar milli ára þykir ekki rétt að hafa þessar sérstöku afskriftir og bakfærslur með.

af því að starfsemi ráðgjafanefndar um mat á hæfi stjórnarmanna og lögfræðikostnaður var því sem næst enginn á árinu 2015. Þá námu leyfisgjöld hugbúnaðar 31,5 m.kr. og hækkuðu þau um 3,1% milli ára.

Húsnæðiskostnaður hækkaði um 19,1% milli ára og nam 113,7 m.kr. Skýring þessarar skörpu hækkunar er hækkun leiguverðs 1. júní 2016. Á grundvelli ákvæðis í leigusamningi krafðist leigusali Fjármálaeftirlitið hækkunar til samræmis við núverandi markaðsverð sambærilegs húsnæðis. Að höfðu samráði við skrifstofu stjórnunar og umbóta í fjármála- og efnahagsráðuneyti var að endingu komist að samkomulagi og endurspeglast það samkomulag í hækkuninni.

Af einstökum öðrum kostnaðarliðum hækka rekstrarvörur um 9,7% milli ára, mest vegna hækkunar matarverðs. Annar rekstrarkostnaður er undir áætlunum vegna minni eignakaupa en gert var ráð fyrir.

Fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld námu 15,5 m.kr. árið 2016 samanborið við 29,8 m.kr. árið á undan. Þessi tekjulækkun endurspeglar lækkað eigið fé stofnunarinnar sbr. markmið.

Samkvæmt framangreindu varð sem fyrr segir 268,9 m.kr. halli á rekstri Fjármálaeftirlitsins á árinu 2016 en áætlanir höfðu gert ráð fyrir 334,9 m.kr. rekstrarhalla. Í meðfylgjandi ársreikningi Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2016 má sjá að heildareignir stofnunarinnar námu 174,5 m.kr. í árslok, þar af er handbært fé 156,6 m.kr. Eigið fé nam samtals 136,6 m.kr. og lækkaði milli ára um sem nam rekstrarhalla. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 99/1999 er Fjármálaeftirlitinu heimilað að mynda varasjóð, samsvarandi rekstrarafgangi umfram áætlun, sem skerðist ekki þótt síðar verði rekstrartap af starfseminni. Hámark slíks varasjóðs er 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi næsta árs og er heimilt að nýta varasjóðinn til að fjármagna útgjöld umfram áætlanir vegna ófyrirséðra atvika. Varasjóður samkvæmt framangreindu var 108,1 m.kr. í árslok 2016.

Í skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað fyrir árið 2017 sem send var fjármála- og efnahagsráðherra í lok júní 2016 var ítarlega fjallað um 92 m.kr. bundið eigið fé sem var að kröfu fjármála- og efnahagsráðuneytis fært af höfuðstól yfir á annað eigið fé í ársreikningi ársins 2014 sem bundið eigið fé (sjá meðal annars kafla 6.2). Þrátt fyrir ábendingar og tillögur Fjármálaeftirlitsins um að í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2017 verði Fjármálaeftirlitinu heimiluð nýting framangreindra 92 m.kr. bundins eigin fjár á móti rekstrargjöldum stendur þessi fjárhæð óbreytt í framlögðum ársreikningi Fjársýslu ríkisins fyrir árið 2016. Þannig er í hjálögðum ársreikningi fyrir árið 2016, sem unninn er af Fjársýslu ríkisins, höfuðstóll í árslok 44,6 m.kr. en bundið eigið fé 92 m.kr., samtals 136,6 m.kr.

Í tengslum við innleiðingu nýrra laga nr. 123/2015 um opinber fjármál er meðal annars gert ráð fyrir afnámi bundins eigin fjár og hverjum ríkisaðila ákvarðaður stofnefnahagsreikningur. Ætla má að í tengslum við þá vinnu muni umrætt bundið eigið fé, samtals 92 m.kr. færast yfir í höfuðstól að nýju, Fjármálaeftirlitinu til ráðstöfunar á móti rekstrargjöldum, í stað þess að renna í ríkissjóð.

4 Meginþættir í starfsemi Fjármálaeftirlitsins og áherslur

Eftir mikinn umbrotatíma og uppbyggingu á starfsemi Fjármálaeftirlitsins í kjölfar hrunsins er nú kominn mikill stöðugleiki í starfsemi stofnunarinnar og ber árið 2016 þess góð merki. Stefna og framtíðarsýn stofnunarinnar er skýr og byggði starf hennar á áherslum og markmiðum sem meðal annars voru lögð til grundvallar í samræmdri verkáætlun.

Líkt og undanfarin ár var á árinu 2016 lögð rík áhersla á nána samvinnu við Seðlabanka Íslands um mati á áhættum og stöðu fjármálakerfisins í heild, með tilliti til fjármálastöðugleika. Þá kom Fjármálaeftirlitið að vinnu við gerð lagafrumvarpa og reglugerða í nánu samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneyti sem og vinnu við að setja reglur og leiðbeinandi tilmæli í samræmi við hlutverk sitt. Þessi þáttur starfseminnar hefur farið vaxandi á undanförunum árum, líkt og áður hefur verið greint frá í fyrri skýrslum með rekstraráætlunum. Umfangsmiklar breytingar hafa auk þess verið gerðar á helstu sérlögum sem eftirlitsskyldir aðilar starfa eftir þar sem Fjármálaeftirlitinu er falið að setja reglur um tiltekin atriði.

Á árinu var unnið að innleiðingu reglugerða um skortsölu, sem fela í sér breytingar á grunnnumgjörð á verðbréfamarkaði vegna afleiðuviðskipta (EMIR) og tilskipunar um fagfjárfestasjóði (AIFMD). Auk þess var sérstök áhersla lögð á aukið eftirlit með verðbréfamarkaði, til samræmis við aukningu í veltu á verðbréfamarkaði og fjölgun skráðra félaga. Þá var auknum krafti hleypt í eftirlit með heilbrigðum viðskiptaháttum, þar sem leitast er við að sinna fyrirspurnum frá neytendum og greina ábendingar um viðskiptahætti ásamt því að bregðast við mögulegum brotum gegn lagaákvæðum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi, þar með talið evrópskra eftirlitsstofnana, var eins og á umliðnum árum ríkur þáttur í starfseminni.

Alþingi samþykkt á árinu 2016 ný heildarlög um váttryggingarstarfsemi. Þau byggja á tilskipun Evrópusambandsins nr. 2009/138/ESB sem í daglegu tali hefur verið nefnd Solvency II. Með lögnum er lögð áhersla á að vernda hagsmuni váttryggingataka og váttryggðra og tryggja fjárhagslegan stöðugleika á váttryggingamarkaði. Tilskipunin byggir meðal annars á því að einfaldir mælikvarðar á gjaldþol dugi ekki til að mæla þá áhættu sem getur falist í starfsemi váttryggingafélaga og að þær kröfur sem fram til þessa hafi verið gerðar tryggi ekki næga vernd fyrir neytendur. Þá var unnið áfram að innleiðingu nýrrar bankatilskipunar og reglugerða (oft nefndar CRD IV og CRR) ásamt tæknistöðlum sem þeim fylgja, en CRD IV löggjöfin í heild sinni hefur umfangsmiklar breytingar í för með sér á starfsemi fjármálafyrirtækja og þar með eftirlitsverkefnum.

Um mitt ár lauk að mestu vinnu við þróun og uppbyggingu á fyrstu útgáfu nýs áhættumatskerfis sem þróað hefur verið af starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins í tengslum við innleiðingu áhættumiðaðs eftirlits. Í áhættumiðuðu eftirliti felst meðal annars aukin áhersla á forgangsröðun verkefna sem byggð er á eigin mati á áhættu í starfsemi eftirlitskyldra aðila. Áhættumatskerfið sem hlaut nafnið Vaki hefur það að markmiði að veita starfsmönnum yfirsýn yfir eftirlitsskylda aðila og áhættu í fjármálakerfinu. Í því er að finna grunnupplýsingar um alla eftirlitskylda aðilana sem falla undir eftirlit stofnunarinnar, áhættuvísu og niðurstöðu áhættumats auk þess sem hægt er að nálgast upplýsingar um innsend gögn og þau eftirlitsverkefni sem unnið er að á hverjum tíma. Í fyrstu útgáfu kerfisins er lögð megin áhersla á kerfislega mikilvæga eftirlitskylda aðila en samhliða þróun kerfisins verður litið til smærri aðila. Áframhaldandi þróun áhættumatskerfisins

og vinna við innleiðingu þess stendur nú yfir með virkri þátttöku starfsfólks stofnunarinnar.

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að breyta gagnaskilum eftirlitsskyldra aðila til Fjármálaeftirlitsins. Mikill árangur hefur náðst í hagræðingu og einföldun gagnasöfnunar en ljóst er að þessi vinna mun á komandi misserum hafa í för með sér þörf á fjárfestingu í hugbúnaði og þróun bæði innan Fjármálaeftirlitsins og hjá eftirlitsskyldum aðilum. Fjármálaeftirlitið hefur áhuga á að koma á markvissara samstarfi við aðila eins og Seðlabanka Íslands, Hagstofu Íslands og Ríkisskattstjóra er varðar gagnaskil eftirlitsskyldra aðila með það að markmiði að auka hagkvæmni og skilvirkni við gagnasöfnun.

Á árinu 2016 var haldið áfram vinnu við undirbúning á innleiðingu tilskipunar um endurreisn og skilameðferð fjármála- og verðbréfafyrirtækja (2014/59/EU) sem tók gildi innan Evrópusambandsins 1. janúar 2015 og verður senn innleidd í íslensk lög. Tilgangur tilskipunarinnar, sem alla jafna gengur undir nafninu BRRD (e. *Bank Recovery and Resolution Directive*), er að standa vörð um fjármálastöðugleika, draga úr tjóni vegna áfalla í rekstri fjármálafyrirtækja, auka vernd innstæðueigenda og koma í veg fyrir að áföll í rekstri fyrirtækjanna lendi á skattgreiðendum. Í tilskipuninni eru 23 tæknistaðlar og 17 leiðbeinandi tilmæli, ásamt öðrum gerðum sem Fjármálaeftirliti og sjálfstæðri skilastofnun er ætlað að innleiða eða framfylgja. Skilastofnunin verður mögulega vistuð hjá Fjármálaeftirlitinu.

Þá voru jafnframt á árinu 2016 samþykkt á Alþingi ný lög um fasteignaveðlán til neytenda. Löggin gera ráð fyrir að eftirlit verði haft með; (i) aðilum sem veita fasteignalán til neytenda og þegar teljast til eftirlitsskyldra aðila, það er lánastofnana, Íbúðalánasjóðs, lífeyrissjóða og váttryggingafélaga, (ii) aðila sem veita fasteignalán til neytenda, svo sem fasteignapróunarfélaga og (iii) lánamiðlara. Síðarnefndu tveir aðilarnir hafa hingað til ekki fallið undir opinbert eftirlit. Löggin gera ráð fyrir því að þessir aðilar skrái sig sérstaklega hjá Fjármálaeftirlitinu, lúti eftirliti stofnunarinnar samkvæmt lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og greiði árlegt eftirlitsgjald, sbr. 2. tölulið 64. gr. frumvarpsins. Eftirlitið felur meðal annars í sér (i) eftirlit með því að starfskjör starfsmanna fyrrnefndra aðila séu með þeim hætti að ekki sé hætt á hagsmunaárekstrum við veitingu fasteignalána til neytenda, (ii) að þekking og reynsla starfsmanna aðilanna sé fullnægjandi, (iii) að veðsetningarhlutföll fasteignalánanna fari ekki umfram hámark í reglum sem Fjármálaeftirlitið setur og að endingu að (iv) starfsskilyrðum lánamiðlara og annarra lánveitenda en lánastofnana, Íbúðalánasjóðs, lífeyrissjóða og váttryggingafélaga, sé fullnægt. Ljóst er að eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins á fjármálamarkaði mun aukast með tilkomu laganna. Bæði mun lögbundnum eftirlitsverkefnum fjölga og fleiri aðilar lúta eftirliti stofnunarinnar.

Fjármálaeftirlitið telur mikla þörf á að búa yfir eftirlitskerfi með viðskiptum á verðbréfamarkaði. Reynslan hefur sýnt að á undanförunum árum hafa tilteknir aðilar framið alvarleg lögbrot á verðbréfamarkaði svo sem markaðsmisnotkun og innherjasvik. Erfitt getur verið að koma auga á slíka hegðun nema með fullkomnu eftirlitskerfi. Sem stendur eru aðföng Fjármálaeftirlitsins til þess að fylgjast með viðskiptum takmörkuð við upplýsingar og grunngögn en það krefst mikillar vinnu að taka þau saman og flokka til frekari greiningar. Þá hefur þróunin verið sú í Evrópu að sífellt fleiri fjármálaeftirlitsstofnanir hafa fjárfest í eftirlitskerfum eða eru að undirbúa slíka fjárfestingu. Þótt Kauphöllin á Íslandi búi yfir slíku kerfi og samstarf við hana sé gott þá telur Fjármálaeftirlitið það mjög óheppilegt að vera háð eftirlitsskyldum aðila hvað varðar eftirlit með verðbréfamarkaði. Áætlanir gera ráð fyrir að ráðist verði í kaup á verðbréfaeftirlitskerfi á árinu

2018 sem gera má ráð fyrir að geti kostað allt að 35 m.kr. í upphafi auk árlegra leyfisgjalda. Gert er ráð fyrir að vinna málið áfram með Ríkiskaupum og hafa verið lögð drög að vinnu við forútböð á árinu 2017.

5 Rekstraráætlun fyrir árið 2018

Í fjárlögum ársins 2017 nema heildartekjur Fjármálaeftirlitsins samtals 2.225,8 m.kr. og skiptast í annars vegar 2.161,8 m.kr. eftirlitsgjald og 64 m.kr. sértekjur. Áætlað er að rekstrarútgjöld nemi 2.225,8 m.kr.

Rekstraráætlun fyrir árið 2018 byggir að hluta á rauntölum úr rekstri liðinna ára sem og endurskoðaðri rekstraráætlun ársins 2017. Rekstraráætlunin tekur að auki mið af megináherslum í rekstri stofnunarinnar sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Í töflu 2 hér á eftir er að finna rekstrar- og tekjuáætlun fyrir árið 2018, endurskoðaða rekstraráætlun fyrir árið 2017² og samanburð við rekstur ársins 2016. Í töflunni er einnig að finna tillögu um áætlaða álagningu eftirlitsgjalds 2018, sem nánar verður vikið að í kafla 6 hér á eftir.

Tafla 2. Rekstraráætlun fyrir árið 2018 og samanburður við fyrri ár

Rekstrarreikningur	Áætlun 2018 þ.kr.	Áætlun 2017 þ.kr.	Rauntölur 2016 þ.kr.
Rekstrartekjur			
Eftirlitsgjald	2.268.800	2.161.800	1.710.019
Sérstakt eftirlitsgjald BRRD	50.000	0	0
Aðrar tekjur	51.400	50.000	40.607
Rekstrartekjur samtals	2.370.200	2.211.800	1.750.626
Rekstrargjöld			
Launakostnaður	1.921.983	1.792.060	1.643.374
Félagsgjöld, ferðir og fundir	96.664	93.486	88.985
Rekstrarvörur	27.130	26.238	26.137
Aðkeypt þjónusta	189.367	161.948	155.269
Húsnæðiskostnaður	139.427	134.842	113.741
Rekstrarkostnaður	17.812	17.226	7.595
Rekstrargjöld samtals	2.392.383	2.225.800	2.035.102
Fjármunatekjur og -gjöld	5.000	9.000	15.567
Tekjur/gjöld	-17.183	-5.000	-268.908
Eigið fé 31. desember	114.449	131.632	136.632
þar af varasjóður, að hámm. 5% af eftirlitsgj. næsta árs	114.449	113.440	108.090

Eins og sjá má í framangreindri töflu nr. 2 er stærsti einstaki gjaldaliður stofnunarinnar

² Í endurskoðaðri rekstraráætlun vegna ársins 2017 er byggt eins mikið á rauntölum og kostur er. Helsta breyting frá áætluninni eins og hún var sett fram í skýrslu til ráðherra í júní 2016 vegna rekstrarársins 2017 er að þá var gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður næmi alls 2.272,5 m.kr. samanborið við 2.225,8 m.kr. nú. Launakostnaður er áætlaður nokkru lægri en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir, sem og ferðakostnaður og kostnaður vegna aðildargjalda Evrópskra eftirlitsstofnana. Á móti kemur nokkuð hærri rekstrarkostnaður húsnæðis en aðrir liðir eru áþekkir.

launakostnaður en auk þess vega aðkeypt þjónusta, ferða- og fundakostnaður, kostnaður vegna aðildargjalda og húsnæðiskostnaður þungt í rekstri stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að almennur rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins hækki að jafnaði um 3,4% á árinu 2018 í takt við þjóðhagsspá.

Launakostnaður

Gert er ráð fyrir að launkostnaður hækki árið 2017 um 9% frá árinu áður sem skýrist af tvennu. Annars vegar almennum launahækkunum sem áætlaðar eru 4,5% á árinu (þjóðhagsspá gerir ráð fyrir 6,6% almennri hækkun launa) og hins vegar fjölgun stöðugilda um þrjú í samtals 120 fyrir árslok 2017 í samræmi við fyrri rekstraráætlanir. Er þar um að ræða fjölgun vegna nýrra verkefna við viðskiptaháttaeftirlit og neytendavernd, þjóðhagsvarúð og reglusetningar- og innleiðingarvinnu á grundvelli lagaskyldu. Um þetta hefur verið ítarlega fjallað í rekstrarskýrslum umliðinna tveggja ára.

Þá er jafnframt gert ráð fyrir að launkostnaður hækki um tæplega 7,3% á árinu 2018 og nemi 1.922 m.kr. Hækkunin skýrist af þrennu. Í fyrsta lagi almennum launahækkunum sem áætlaðar eru 4% á árinu (þjóðhagsspá gerir ráð fyrir 5,8% hækkun). Í öðru lagi af því að stöðugildum fjölgar um tvö í samræmi við fyrirbyggjandi verkáætlanir, svo sem á sviði verðbréfamarkaðar. Þessu verður mætt með hagræðingu í rekstri og fjölgun sem nemur einu stöðugildi á árinu 2018, úr 120 í 121. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir þremur nýjum stöðugildum vegna innleiðingar tilskipunar um endurreisn og skilameðferð fjármála- og verðbréfafyrirtækja (BRRD sbr. kynningu í kafla 4). Með þessu verður heildarfjöldi stöðugilda í árslok 2018 samtals 124. Gert er ráð fyrir að innheimt verði sérstakt eftirlitsgjald af bönkum, sparisjóðum og verðbréfafyrirtækjum til að standa undir kostnaði vegna stöðugilda að baki BRRD. Vænta má að BRRD tilskipunin verði innleidd hér á landi fyrir lok þess árs. Ekki liggur ljóst fyrir hverjum verður falið að sinna ákveðnum verkefnum sem skilgreind eru í tilskipuninni (svo sem svokallað skilavald). Áætlun Fjármálaeftirlitsins miðast við verkefni sem ætla má að verði falin Fjármálaeftirlitinu.

Nokkur óvissa ríkir um áætluð laun ársins 2017 og 2018 vegna lausra samninga stórs hluta háskólamenntaðra starfsmanna Fjármálaeftirlitsins í ágúst næstkomandi.

Félagsgjöld, ferða- og fundakostnaður

Gert er ráð fyrir að áætlaður kostnaður af yfirflokknum „félagsgjöld, ferðir og fundir“ hækki um 3,4% milli ára eða sem nemur áætluðum verðhækkunum og nemi 96,7 m.kr. á árinu 2018. Stærsti einstaki kostnaðarliðurinn 40,4 m.kr. er vegna aðildargjalda erlendra stofnana og samtaka sem tengjast alþjóðlegu samstarfi Fjármálaeftirlitsins. Ferða- og dvalakostnaður erlendis er áætlaður 29,7 m.kr.

Rekstrarvörur

Áætlað er að kostnaður vegna rekstrarvara hækki um 3,4% milli ára og nemi 27,1 m.kr. á árinu 2018. Kostnaður vegna matar, drykkja og keyptrar máltíða og veitinga (þar með talinn mótuneytiskostnaður starfsmanna) er innifalinn í þessum lið og er áætlaður 19,9 m.kr. Á móti koma innheimtar tekjur vegna mótuneytis. Þeirri innheimtu er hagað í samræmi við áætlaðan hráefniskostnað mótuneytis og verðlagsbreytingar.

Aðkeypt þjónusta

Áætlað er að kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu aukist um 3,4% milli ára eins og aðrir kostnaðarliðir eða sem nemur áætluðum verðhækkunum. Þó er gert ráð fyrir að kostnaður vegna hugbúnaðarþróunar nemi 42,4 m.kr. samanborið við áætlaðar 57,1 m.kr. árið 2017 og 68 m.kr. raunkostnað árið 2016. Þá er gert ráð fyrir að kostnaður vegna leyfisgjalda hugbúnaðar hækki í 81,5 m.kr. árið 2018 samanborið við áætlaðan 45 m.kr. kostnað árið 2017. Í áætlunum er gert ráð fyrir að ráðist verði í kaup á verðbréfaeftirlitskerfi á árinu 2018 sem kosti um 35 m.kr. Miðað er við að önnur sérfræðiþjónusta standi í stað en taki verðlagshækkunum. Þarna er meðal annars um að ræða þjónustu ráðgjafanefndar um mat á hæfi stjórnarmanna, aðkeypta þjónustu lögfræðinga, endurskoðenda, viðskipta- og hagfræðinga og annarra sérfræðinga og þýðingarkostnað. Kostnaður vegna annarrar sérfræðiþjónustu getur einna helst tekið breytingum frá áætlunum eins og dæmin sanna. Þörf skapast vegna dómsmála eða nýrra verkefna sem jafnframt kann að vera innheimt fyrir sérstaklega samkvæmt fyrirbyggjandi gjaldskrá. Þá er áætlað að kostnaður vegna síma og afnotagjalda af skrá og öðru sem tengist starfsemi eftirlitsins sem og prent- og auglýsingakostnaður taki breytingum samkvæmt áætlunum um verðlagsbreytingar.

Að teknu tilliti til ofangreindra forsendna er gert ráð fyrir að heildarkostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu nemi um 189,4 m.kr. eða sem jafngildir 16,9% hækkun milli ára.

Húsnæðiskostnaður

Áætlað er að húsnæðiskostnaður hækki sem nemur áætluðum verðlagshækkunum eða um 3,4% og nemi 139,4 m.kr. árið 2018.

Rekstrarkostnaður

Gert er ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður nemi 17,8 m.kr. árið 2018 og endurspeglar það áætlaða endurnýjun og kaup á tölvubúnaði.

Samtala tekna og gjaldaliða

Í rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2018 er samtala gjaldaliða samkvæmt framangreindu áætluð 2.392,4 m.kr. samanborið við 2.225,8 m.kr. áætlaðan kostnað ársins 2017 eftir endurskoðun. Hækkunin milli ára er 166,6 m.kr. eða 7,5%. Þá er í áætluninni gert ráð fyrir að heildartekjur á árinu 2018 nemi 2.375,2 m.kr. sem skiptast í álagt eftirlitsgjald 2.268,8 m.kr., sem er 4,9% hækkun frá áætlun ársins 2017, sérstakt eftirlitsgjald vegna BRRD verkefnis sem lagt er á viðskiptabanka, sparisjóði og verðbréfafyrirtæki 50 m.kr., aðrar tekjur 51,4 m.kr. sem er 2,8% aukning frá fyrra ári og að endingu 5 m.kr. fjármagnstekjur. Fjármagnstekjur lækka til samræmis við lækkað eigið fé, en gert er ráð fyrir að stofnunin njóti áfram fjármagnstekna af eigin fé (varasjóði) og eftir atvikum innheimtutekjum í tengslum við álagningu eftirlitsgjalds.

Gert er ráð fyrir að eigið fé verði sem næst 114,5 m.kr. í árslok 2018 og nemi tæpum 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi næsta árs.

6 Áætlað eftirlitsgjald á árinu 2018

Samkvæmt lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, skulu eftirlitsskyldir aðilar og aðrir gjaldskyldir aðilar sem tilgreindir eru í lögnum standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins með sérstöku eftirlitsgjaldi. Tekjur stofnunarinnar eru að langmestu leyti framangreint eftirlitsgjald. Stofnuninni er þó einnig heimilt að taka gjald fyrir sértækar aðgerðir tengt einstökum eftirlitsskyldum aðilum, samkvæmt forsendum sem nánar er mælt fyrir um í lögnum um slík tilvik. Þá er Fjármálaeftirlitinu einnig heimilt að taka gjald fyrir ýmsa veitta þjónustu samkvæmt gjaldskrá, til dæmis vegna afgreiðslu umsókna um starfsleyfi og yfirferð lýsinga.

Í töflu 3 sem sýnir tekjuáætlun 2018 má sjá tillögu Fjármálaeftirlitsins um skiptingu eftirlitsgjalds á árinu 2018 milli flokka eftirlitsskyldra aðila. Skiptingin byggir á mati á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem farið hefur í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila eins og mælt er fyrir um í framangreindum lögum. Í töflunni er einnig sýnd sambærileg skipting álagðs eftirlitsgjalds á árinu 2017.

Með hliðsjón af því sem að framan greinir eru nú lagðar til breytingar á álagningarhlutföllum frá gildandi lögum sem skýrast af framangreindu mati á kostnaðarskiptingu við rekstur stofnunarinnar og þróun álagningarstofna eftirlitsskyldra aðila.

Tafla 3. Tekjuáætlun 2018 og áætluð álagning eftirlitsgjalds

	Tilvisun í 5.gr. laga nr. 99/1999	Álagningarskipting	Álagt eftirlitsgjald í ársbyrjun 2017	Hlutfralsleg skipting álagðs eftirlitsgjalds 2017	Álagningarstöfnar samkvæmt ársreikningnum 2016	Tillögur um lágmarksgjald og fasteigjald 2018	Gildandi lágmarksgjald og fasteigjald 2017	Tillögur um álagningarhlutföll -% vegna ársins 2018	Gildandi álagningarhlutföll % 2017	Áætluð álagning vegna ársins 2018 ⁵⁾	Hlutfralsleg skipting áætláðar álagningar 2018
Fjárhæðir í töflunni í þús. kr.											
Lánastofnanir	1. mgr. tl. 1.a	e	1.228.871	56,8						1.305.677	57,6
Váðskiprabankar	" " 1.b	e	1.184.816	54,8		1.200	1.200		0,0371	1.258.673	55,5
Sparisjóðir	" " 1.b	e	6.866	0,3		1.200	1.200		0,0337	7.834	0,3
Lánafyrirtæki (sjá þó Lsj.sveitarfél. neðar í töflu)	" " 1.b	e	37.189	1,7		1.200	1.200		0,0337	39.170	1,7
Greiðslustofnanir	" " 1.b	e	1.200	0,1		1.200	1.200		0,0337	1.200	0,1
Vátryggingafélag	1. mgr. tl. 2	i	252.566	11,7		1.200	1.200		0,4520	262.949	11,6
Vátryggingamiðlara	" " 3	i	4.950	0,2		550	550		0,2540	5.200	0,2
Verðbrétafyrirtæki	" " 4	e	28.855	1,3		1.200	1.200		0,7600	43.348	1,9
Rekstrarfélag	1. mgr. tl. 6	e	114.100	5,3		1.200	1.200		0,0236	104.708	4,6
" fjárfestisjóðir - lög 128/2011	" " 6	hre	29.865	1,4		150	150		0,0128	31.300	1,4
Verðbréfamistöðvar	" " 7	t	5.401	0,2		1.200	1.200		0,7800	5.650	0,2
Kauphallir	" " 8	t	4.850	0,2		1.200	1.200		0,8400	5.090	0,2
Lífeyrisjóðir	1. mgr. tl. 9	el	304.640	14,1		⁵⁾ 600	1.400 - 9.400		0,0093	306.018	13,5
Innlansdeildir samvinnufélaga	" " 10	f	600	0,0		600	600		0,0084	600	0,0
Innlansdeildir	" " 11	e	67.526	3,1		1.200	1.200		0,0095	70.830	3,1
Íbúðalánasjóðir	" " 12	e	7.326	0,3		700	700			7.680	0,3
Tryggingarsjóðir innstæðuiegenda og fjárf. og öryggisjóðir skv. l. um innstæðutyrggingar	" " 13	f	700	0,0		700	700			1.400	0,1
Aðilar með innheimtuleyfi, skv. l. nr. 96/2008	1. mgr. tl. 14	f	5.600	0,3		700	700			5.600	0,2
Gjaldþyriskipistöðvar	2. mgr.	f	700	0,0		700	600			700	0,0
Eignarhaldslög skv. 4. mgr. 5. gr.	5. mgr.	f	15.300	0,7		1.700	1.700			18.700	0,8
Útgjöldendur hlutabréta og skuldabréta	6. og 7. mgr.	f	90.200	4,2		⁴⁾				90.150	4,0
Samtals			2.163.950	100,0						2.266.800	100,0
Fjármálatryntæki undir skilaneindum o. fl. ³⁾			2.000							2.000	
Alls	9. mgr.	f	2.165.950			500 - 3.000	500 - 3.000			2.268.800	

1) e = eignir samtals; f = rekstrartekjur; el = hrein eign til greiðslu lífeyris; i = ídgyfjöld; f = fasteigjald; hre = hrein eign.
 2) Tekið hefur verið tillit til áhrifa lágmarksgjalda.
 3) Fjármálatryntæki sem styrir er af slitasíön.
 4) Þrjúpróskipt fasteigjöld á útgjöldendur hluta- og skuldabréta sem tekin hafa verið til viðskipta í kauphöll í þús. kr.:
 Þrjú vegna hlutabréta: 450; 1.200; 3.600; 6.600; 9.500; - Þrjú vegna skuldabréta: 150; 250; 550; 900; 1300; 1.500
 5) Þrjúpróskipt fasteigjöld lífeyrisjóða í þús.kr.: 1.400; 2.500; 4.400; 8.100; 9.400.

7 Langtímaáætlun 2018 – 2022

Við gerð rekstraráætlana undanfarinna ára hefur jafnframt verið horft til þess hvernig langtímaáætlun Fjármálaeftirlitsins geti litið út, nú síðast fyrir ári síðan í skýrslu til fjármála- og efnahagsráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað fyrir árið 2017. Í þeirri skýrslu var leitast við að draga upp mynd af því hvernig ætla mætti að rekstrarkostnaður og eftirlitsgjald myndi þróast á komandi árum, nánar tiltekið fyrir árabilið 2018 - 2021.

Í þessari skýrslu um rekstraráætlun fyrir árið 2018 fylgir jafnframt langtímaáætlun sem sýnir þróun tekna og gjalda fyrir árabilið 2018 til 2022, í samræmi við ný lög um opinber fjármál, nr. 123/2015. Þar segir m.a. í 5. gr. um fjármálaáætlun að eigi síðar en 1. apríl ár hvert skuli ráðherra leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun til næstu fimm ára hið skemmsta. Áætlunin var kynnt stjórn Fjármálaeftirlitsins á fundi hennar 8. febrúar 2017 og samþykkt. Eftir að álit samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila lá fyrir var endanleg rekstraráætlun borin undir stjórn Fjármálaeftirlitsins á fundi hennar 31. maí 2017 og hún samþykkt. Sjá nánar töflu 4. hér að neðan.

Tafla 4. Rekstrarafkoma 2016, áætluð afkoma 2017 og langtímaáætlun 2018 - 2022

Rekstrarreikningur	Raun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
Rekstrartekjur							
Eftirlitsgjald	1.710,0	2.161,8	2.268,8	2.380,9	2.480,8	2.585,1	2.688,5
br. milli ára	4,2%	26,4%	4,9%	4,9%	4,2%	4,2%	4,0%
Sérstakt eftirlitsgjald BRRD	0,0	0,0	50,0	51,5	52,8	54,2	55,5
Aðrar tekjur	40,6	50,0	51,4	52,9	54,3	55,7	57,1
Fjármunatekjur	15,6	9,0	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0
Rekstrartekjur samtals	1.766,2	2.220,8	2.375,2	2.490,2	2.592,9	2.699,9	2.806,0
Rekstrargjöld							
Launakostnaður	1.643,4	1.792,1	1.922,0	2.025,8	2.119,0	2.210,1	2.311,8
br. milli ára	6,2%	9,0%	7,3%	5,4%	4,6%	4,3%	4,6%
stöðugildi	117,5	120,0	124,0	124,0	124,0	124,0	124,0
Önnur rekstrargjöld	391,7	433,7	470,4	457,5	469,4	481,6	493,6
Rekstrargjöld samtals	2.035,1	2.225,8	2.392,4	2.483,2	2.588,3	2.691,7	2.805,4
br. milli ára	6,6%	9,4%	7,5%	3,8%	4,2%	4,0%	4,2%
Tekjur/gjöld	-268,9	-5,0	-17,2	7,0	4,6	8,2	0,6
Eigið fé í árslok	136,6	131,6	114,5	121,4	126,0	135,8	136,4
hlutfall af eftirlitsgj. næsta árs		5,8%	4,8%	4,9%	4,9%	5,0%	

Allar fjárhæðir í m.kr.

Líkt og áður hefur komið fram er rekstrarafkoma Fjármálaeftirlitsins á árinu 2016 neikvæð sem nemur 268,9 m.kr. Það er nokkru betri rekstrarniðurstaða en eldri áætlanir gerðu ráð fyrir. Á árinu 2017 er í samræmi við fjárlög gert ráð fyrir að rekstrargjöld nemi 2.225,8 m.kr. og heildartekjur að meðtöldum fjármagnstekjum nemi 2.220,8 m.kr. og rekstrarafkoman verði neikvæð sem nemi 5 m.kr.

Rekstraráætlun ársins 2018 gerir ráð fyrir 4% almennri hækkun launa á árinu og að stöðugildi verði 121, sem er í samræmi við fyrirliggjandi verkáætlanir sem voru ítarlega kynntar í skýrslu

til ráðherra um rekstrarkostnað ársins 2017. Til viðbótar er gert ráð fyrir þremur nýjum stöðugildum vegna nýrra verkefna í tengslum við innleiðingu er varðar viðbúnað og skilameðferð fjármálafyrirtækja (BRRD). Gert er ráð fyrir að lagt verði sérstakt eftirlitsgjald á banka, sparisjóði og verðbréfafyrirtæki til að mæta framangreindum kostnaði tengdum BRRD verkefni líkt og áður hefur verið greint frá. Gert er ráð fyrir að önnur rekstrargjöld hækki tímabundið á árinu 2018 vegna kaupa á verðbréfaeftirlitskerfi en taki að öðru leyti almennt hækkunum í takt við spár um verðlagshækkunar samkvæmt síðustu þjóðhagsspá.

Þannig er gert ráð fyrir að á árinu 2018 nemi heildarrekstrarkostnaður um 2.392,4 m.kr., rekstrartekjur að meðtöldum fjármunatekjum verði 2.375,2 m.kr. og rekstrarafkoman verði neikvæð sem nemur 17,2 m.kr. Eigið fé í árslok verði 114,5 m.kr. eða tæp 5% af eftirlitsgjaldi næsta árs og innan þess ramma sem lög nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi heimila að hámarki, samanber tafla 4.

Í langtímaspá fyrir árabilið 2019 – 2022 er hækkun launa og annars rekstrarkostnaðar byggð á þjóðhagsspá. Gert er ráð fyrir óbreyttum fjölda stöðugilda á því árabili. Fyrirsjáanleg er mikil aukning verkefna á því tímabili sem áætlað er að mæta með aukinni hagræðingu og tilfærslu verkefna innanhúss. Á árinu 2019 er gert ráð fyrir að aðkeypt þjónusta lækki um 25,8 m.kr. milli ára vegna lækkunar á hugbúnaðarleyfakostnaði. Það á sér þá skýringu að hækkun þessa kostnaðarliðar árið á undan vegna fjárfestingar í verðbréfamarkaðskerfi var að hluta einskíptis kostnaður.

Eftirlitsgjaldið á árabilinu 2019 - 2022 tekur hækkunum í takt við fyrirbyggjandi áætlanir um rekstrarkostnað þannig að eigið fé (varasjóður) verði sem næst 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi næsta árs hverju sinni.